



SKÓLANÁMSKRÁ KVISTABORGAR



Efnisyfirlit

Um leikskólann Kvistaborg.....	5
Hlutverk leikskóla og leiðarljós.....	6
Hugmyndafræðilegar áherslur Kvistaborgar.....	8
Grunnþættir menntunar.....	10
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.....	12
Leikur, nám og námsumhverfi.....	14
Kennarinn.....	15
Sambætt og skapandi leikskólastarf.....	16
Læsi og samskipti.....	18
Heilbrigði og vellíðan.....	22
Sjálfbærni og vísindi.....	26
Sköpun og menning.....	30
Leiðir í starfinu.....	34
Mat á námi og velferð barna.....	38
Fjölskyldan og leikskólinn.....	40
Raddir foreldra.....	41
Tengsl skólastiga.....	42
Samstarfsaðilar.....	43
Mat á leikskólastarfi.....	44
Lokaorð.....	45



Reykjavík, apríl 2016



Um leikskólann Kvistaborg

Leikskólinn Kvistaborg er við Kvistaland 26 í Bústaðahverfi og er einn af borgarreknu leikskólum Reykjavíkurborgar. Hann hóf starfsemi sína **1972** og hefur starfið jafnt og þétt verið að þróast í samræmi við þjóðfélagið. Leikskólinn skiptist í þrjár deildir og heita þær: **Víðilundur, Birkilundur og Reynilundur.**

Kvistaborg er **staðsett í hjarta Fossvogsdalsins.** Fossvogsdalurinn er eitt af útivistarsvæðum Reykjavíkurborgar og mikið nýttur. Þar er flatlendi og gróðursæld. Þar er mikil trjárækt og graslendi. Um dalinn er þétttriðið net göngustíga. Lítið mál er að fara upp í **Ellidáardal** og niður í **Nauthólsvík** eftir göngustígnum.

Rekstur og stjórn leikskólans Kvistaborgar fellur undir **skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (SFS).** Sviðið starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 ásamt reglugerðum er varða þau lög og samþykktum borgarráðs um sviðið. Lögð er áhersla á sjálfstæði hvers skóla til að móta uppeldisstefnu sína í samræði við foreldra, börn og kennara. Leiðarljós sviðsins er: **„Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, þeim fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.“**

Ný aðalnámskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla var gefin út af Mennta- og menningamálaráðuneytinu í maí 2011. Hluti aðalnámskrár er sameiginlegur fyrir öll þrjú skólastigin og er þar fjallað um hlutverk aðalnámskrár, almenna menntun og mat og eftirlit. Í kaflanum um almenna menntun eru meðal annars teknir fyrir sex grunnþættir sem eiga að mynda kjarna menntastefnunnar fyrir öll skólastigin. Þeir eru: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Hvert skólastig er síðan með sér hluta þar sem nánar er farið í inntak og viðfangsefni skólastarfsins í samræmi við aldur og þroska barna.

Út frá lögum og reglugerðum um leikskóla, aðalnámskrá og stefnumótandi samþykktum skóla- og frístundasviðs ber hverjum leikskóla að móta sína skólanámskrá. Í skólanámskránni á að koma fram nánar hvernig uppeldis- og menntastarf er unnið og hvernig samskiptum við börn, kennara, foreldra og samfélagið er háttað. Einnig á að fjalla um mat á leikskólastarfinu, því tryggja á að réttindi barna séu virt samkvæmt lögum um leikskóla.

Skólanámskráin **á að vera opin og sveigjanleg**, því eins og eitt barnið sagði um Kvistaborg: **„Það má alveg velja hvað maður vill gera, þó svo maður hafi aldrei gert það áður.“**

Skólanámskrá Kvistaborgar er unnin undir forystu leikskólustjóra. Hún byggir á því starfi sem hefur verið í stöðugri þróun síðan leikskólinn opnaði, vinnufundum kennara, samræðum við börnin og samstarfi við foreldra.

Hlutverk leikskóla og leiðarljós

Leikskólinn er fyrsta skólastig barnsins en samt ekki skylda heldur val foreldra. Börn eru í leikskóla upp að skólaskyldudrögn og er meginreglan sú að þau séu þar til sex ára aldurs.

Upphaf formlegrar menntunar barna byrjar þegar þau hefja leikskólagönguna. Leikurinn er meginnámsleið barna og hugtökin **uppeldi, umönnun og menntun** mynda eina heild.



Samkvæmt 2. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 er **markmið leikskólastarfs** eftirfarandi:

„Í leikskólanum á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla á að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla eiga að mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.“

Leikskólastjóri er faglegur leiðtogi sem ber ábyrgð á að mótuð sé stefna í uppeldis- og menntamálum skólans. Leikskólastjóri stjórnar daglegri starfsemi leikskólans og ber rekstrarlega ábyrgð gagnvart framkvæmdastjóra skóla- og frístundasviðs.

Leikskólakennarar og aðrir kennarar eiga að vera leiðandi í mótun leikskólastarfsins og ber að fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Kennarinn er samverkamaður barna, foreldra og annarra kennara skólans. Hann á að sjá til þess að hvert barn fái notið sín og sé virt að verðleikum.

Deildarstjóri er faglegur leiðtogi á sinni deild sem vinnur að uppeldi og menntun barna. Honum ber að fylgjast með þroska hvers barns og stuðla að öfluggu samstarfi við foreldra.



Hlutverk Kvistaborgar er samkvæmt börnunum:

- „Skóli sem er að passa krakka.“
- „Það er svona til þess að spyrja börn og til þess að börn læri og svona.“
- „Í leikskóla er gaman.“

Í aðalnámskrá leikskóla 2011 eru sett fram leiðarljós sem eiga að vísa kennurum leikskólanna veginn við að móta leikskólastarfið. Leiðarljósin eru því mikilvægur leiðarvísir sem alltaf þarf að hafa í huga og eru þau eftirfarandi:

- Leikskóli á að vera lýðræðislegur vettvangur og lærdómssamfélag þar sem starfsfólk, foreldrar og börn eru virkir þátttakendur og hafa áhrif á ákvarðanir um málefni leikskólans.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til samvinnu og samstarfs milli barna, starfsfólks, foreldra og nærsamfélags.
- Leikskóli á að vera félags- og menningarlegur vettvangur þar sem þjóðararfur og gildi íslensks samfélags skipa veglegan sess.
- Leikskóli á að vera samfélag þar sem hver einstaklingur nýtur virðingar og leggur sitt af mörkum.
- Starfshættir leikskóla eiga að taka mið af umhverfi leikskólans og því samfélagi sem hann er í. Jafnframt á leikskólinn að vera virkur þátttakandi í samfélaginu og hafa áhrif á það.
- Leikskólastarf skal byggjast á jafnrétti, virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og öðrum menningarheimum.
- Virða skal rétt allra sem þar dvelja, óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu og leitast við að koma til móts við þarfir allra.
- Menntun til sjálfbærni á að endurspeglast í öllu starfi leikskóla í virku samstarfi við heimili og nærsamfélag.
- Í leikskóla þarf að finna fjölbreyttar leiðir til samstarfs við fjölskyldur og leita margvíslegra leiða til að koma á framfæri upplýsingum um starfshætti og starf leikskólans.
- Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að því að börn læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi og vináttu.
- Í leikskóla á að stuðla að því að börn þrói með sér jákvæða sjálfsmynd með því að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska þannig að trú þeirra á eigin getu aukist og hneigðir þeirra til náms eflist.
- Í leikskóla á að byggja á reynsluheimi barna og skapa þeim merkingarbæra reynslu.
- Í leikskóla á að leggja áherslu á sjálfstæði og frumkvæði og hvetja á hvert barn til að taka ábyrgð á sjálfu sér.
- Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að virðingu barna fyrir náttúru og umhverfi sínu.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar og útiveru.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við fjölbreytt verkefni sem bjóða upp á margar lausnir og hvetja til rannsókna og ígrundunar.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til gagnrýnnar hugsunar og gefa börnum færi á að virkja sköpunarkraft sinn.
- Í leikskóla á að hvetja börn til að túlka og tjá sig á fjölbreyttan hátt, m.a. í gegnum leik, hreyfingu, myndmál, tónlist, tungumál, tölur og tákn.
- Í leikskóla á að skapa aðstæður fyrir börn til að leika sér svo að þau fái svigrúm fyrir ímyndunarafli sitt og sköpun.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja börn til að tjá sig og hlusta á frásagnir, sögur, ljóð og ævintýri.
- Í leikskóla á að nýta þau tækifæri sem gefast í daglegum samskiptum til að efla íslenska málvitund þar sem börn læra ný orð og hugtök og þróa tungumálið.

Hugmyndafræðilegar áherslur Kvistaborgar

Leikskólinn er í hjarta Fossvogsdalsins þar sem ævintýrin liggja í leynd hvert sem litið er. Þessi staðsetning hefur mikil áhrif á hugmyndafræði leikskólans. Útinám, sköpun, vettvangsferðir, rannsóknir, tilraunir og upplifanir er það sem starfið snýst um.

Stefna Kvistaborgar er að búa börnunum öruggt og lýðræðislegt lærdómssamfélag þar sem siðgæðisvitund barna er efld og lagður er grunnur að því að þau verði sjálfstæðir, hugsandi, skapandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi.

Gildin sem vísa veginn í öllu starfi Kvistaborgar eru:

- Hugrekki
- Hljá
- Hlustun
- Hvatning

Raddir barna:

„Að kenna okkur að læra eitthvað nýtt.“

„Að fara að læra og leika.“

„Það er hægt að fara út og vera inni.“

Sýn leikskólans á börn er að þau séu fróðleiksfús, forvitin og virk í eigin lífi. Það er leikskólans að skapa öruggt og lærdómsríkt samfélag þannig að þau fái notið sín.

Hugmyndafræði Kvistaborgar sækir veginni sitt að mestu leiti í uppeldisstefnu John Dewey. Hann lagði áherslu á að börn lærðu af eigin reynslu, virkni og áhuga eða með öðrum orðum, þau læri með því að framkvæma sjálf og fá að gera tilraunir. Þannig leit Dewey á börn sem hugsandi, skapandi og virka einstaklinga í eigin lífi.

Dewey leit á hlutverk kennarans að vera samverkamaður barnanna sem skapar aðstæður og styður við þekkingarleit þeirra. Opnar spurningar sem leiða til ígrundunar gegna lykilhlutverki.

Kennarar Kvistaborgar settu niður sína sýn á leikskólastarfið hún er sá leiðarvísir er einkennir starfið:

- Við teljum nauðsynlegt að veita börnunum þá þekkingu og þá hæfileika sem þau þurfa á að halda til að vera virkir þátttakendur bæði í samfélagi skóla og því fjölþjóðlega samfélagi sem við búum í.
- Við teljum jafn mikilvægt að skólinn ásamt fjölskyldunni og öðrum stofnunum taki þátt í að byggja upp ábyrg viðhorf og æskilega hegðun.
- Við viðurkennum mikilvægi leiks og íþróttar í uppbyggingu heilbrigði á líkama og sál.
- Við viljum veita börnunum tækifæri til skapandi tjáningar.
- Við erum á móti hvers konar mismunun byggðri á kynþætti, þjóðerni, trúarbrögðum eða kyni.
- Við teljum að skólinn verði að bjóða upp á umhverfi þar sem börn með mismunandi bakgrunn læri að þekkja, skilja og virða hvert annað.

Í aðalnámskrá leikskóla 2011 segir meðal annars: „Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Litið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt.”

Í Kvistaborg er **lýðræðislegt lærdómssamfélag** þar sem **börnin eru virkir þátttakendur** í að móta nám og námsumhverfi leikskólans. Börn og kennarar eru **samstarfsaðilar** þar sem raddir allra fá að njóta sín og ákvarðanir eru teknar sameiginlega.

Börn og kennarar, ásamt foreldrum barnanna, hafa **ólíkan bakgrunn, reynslu og skoðanir**. Til að byggja upp **lýðræðislegt lærdómssamfélag** er mikilvægt að **hlusta á raddir** allra og komast að **sameiginlegri niðurstöðu**. Það er gert með því að **byggja upp gott samstarf** sem m.a. einkennist af gildum skólans, sem eru **hugrekki, hlýja, hlustun og hvatning**.

Hugrekki

- Fara eftir reglum
- Tjá sig fyrir framan hóp
- Þiggja aðstoð
- Vera sjálfbjarga
- Þora að gera nýja hluti
- Prófa og æfa sig
- Treysta
- Uppgötva

Hlýja

- Taka vel á móti
- Notalegt andrúmsloft
- Umhyggja
- Aðstoða hvert annað
- Sýna tillitssemi
- Kurteisi
- Vinátta
- Upplýsa hvað er framundan

Hlustun

- Hlusta og vera til staðar
- Kurteisi
- Virða leik
- Skapa næði
- Taka tillit til skoðana annarra
- Njóta

Hvatning

- Vera virkur
- Efla sjálfshjálp
- Auka sjálfstæði
- Fagna nýjum sigrum
- Vinna saman
- Leika saman



Grunnpættir menntunar

„Grunnpættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það“

Úr aðalnámskrá leikskóla 2011

Læsi

„Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.“

Sjálfbærni

„Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar...“

Lýðræði og mannréttindi

„Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunnildi samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir veggja skóla engu síður en samstarfi í skólanum. Þannig þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna..., grenndarsamfélagi innan sveitafélags eða hverfis...“

Jafnrétti

„Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum... að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.“

Heilbrigði og velferð

„Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi... Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.“

Sköpun

„Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna... getur notið sín. Hamingja og gleði liggur í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild.“

Úr aðalnámskrá leikskóla 2011

Grunnþættir menntunar **fléttast inn í allt starf** leikskólans, hvort heldur er daglegt líf, frjálsan leik eða skiplagðar stundir. Þeir tengjast innbyrðis í námi barna og eru jafnframt háðir hver öðrum.



Ördæmi um það hvernig grunnþættir menntunar fléttast inn í pollaferð:

Læsi	Sjálfbærni	Lýðræði og mannréttindi	Jafnrétti	Heilbrigði og velferð	Sköpun
Leika með orðin sem tengjast pollaferðinni. Ræða saman og hafa gaman.	Upplifa pollana og sjá orsök og afleiðingu í gegnum umgengnina.	Í pollaferðinni koma fram sjónarhorn allra, þau þurfa að taka tillit til og leita lausna.	Allir fá að komast að og sula í pollunum og allir fá að njóta sín.	Holl og fjölbreytt hreyfing í pollaferðinni eflir og samveran í góðra vina hóp eykur velferð.	Leikurinn sem skapast í kringum sullið í pollunum er sköpun í allri sinni mynd.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna fjallar um **mannréttindi barna** og er alþjóðlegt **barnvænt sjónarmið** okkar tíma. Sáttmálinn viðurkennir að **börn séu sjálfstæðir** einstaklingar með fullgild réttindi og hefur að geyma ýmis grundvallarréttindi. Hann á að tryggja að öllum börnum upp að 18 ára aldri sé veitt sérstök vernd og umönnun.

Í barnasáttmálanum er réttindum barna gróflega skipt í þrjá flokka: **vernd, umönnun og þátttöku** og er einnig talað um **grundvallarreglurnar** sem eru fjórar, þ.e. 2., 3., 6. og 12. grein.

Það má segja að **leikskólastarf byggi á barnasáttmálanum** og undirstöðugildin vernd, umönnun og þátttaka barna eru í raun þau gildi sem starfið snýst um.

Vernd

„Barnasáttmálinn kveður á um vernd tiltekinna grundvallar-mannréttinda barna, svo sem réttinn til lífs, friðhelgi fjölskyldu- og einkalífs, féлага-, skoðana-, tjáningar- og trúfrelsis.“

Umönnun

„Barnasáttmálinn leggur þær skyldur á aðildaríkin að grípa til aðgerða til að tryggja velferð barna, m.a. á sviði mennta-, heilbrigðis- og félagsmála.“

Þátttaka

„Barnasáttmálinn tryggir börnum rétt til þess að láta í ljós skoðanir sínar á öllum málum sem varðar þau með einum eða öðrum hætti. Taka ber tillit til skoðana barna í samræmi við aldur þeirra og þroska.“

2. grein Jafnræði – bann við mismunun

„Öll börn skulu njóta réttinda Barnasáttmálans án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmalaskoðana, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða athafna foreldra þeirra.“

3. grein Það sem barninu er fyrir bestu

„Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Setja á lög og reglur sem tryggja börnum vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Aðildaríki eiga að sjá til þess að stofnanir og þjónusta sem annast börn uppfylli reglur sem stjórnvöld hafa sett, sérstaklega um öryggi, heilsuvernd, fjölda og hæfni starfsmanna og yfirumsjón.“

6. grein Réttur til lífs og þroska

„Sérhvert barn á meðfæddan rétt til lífs og skulu aðildaríkin tryggja að það megi lifa og þroskast.“

12. grein Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif

„Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.“



Ördæmi um það hvernig barnasáttmálinn fléttast inn í pollaferð:

2.gr., 3.gr., vernd, umönnun, þátttaka	Vernd, umönnun, 3.gr.	Vernd, umönnun, 3.gr.	12.gr., 28.gr., 29.gr., 31.gr., þátttaka	12.gr., 24.gr., 31.gr., þátttaka, umönnun	12.gr, 13.gr., þátttaka
Börnin voru klædd samkvæmt veðri og tilgangi ferðarinnar	Allir voru í endurskinsvestum merktum leikskólanum	Kennara fylgdust með og gættu að öryggi barnanna	Nám, reynsla og upplifun	Holl hreyfing og gleði	Pollar og umhverfið skoðað, spjallað, spurt og skoðanir viðraðar

Leikur, nám og námsumhverfi

Leikurinn er þungamiðja leikskólastarfsins og jafnframt meginnámsleið barna. Leikur barna er sjálfsprottinn og börnunum eðlislægur. Í leik fer fram mikil sköpun og læsi í víðum skilningi. Oft eru vangaveltur og valdabarátta hluti af leiknum og því má segja að lýðræði, mannréttindi og jafnrétti séu að þróast. Í leik fer fram hreyfing, slökun, vinátta og gleði og því stuðlar hann jafnframt að heilbrigði og velferð.

Leikurinn er bæði markmið og leiðir í starfi leikskólans. Hann fer jafnt fram í frjálsum leik, skipulögðu starfi og daglegu lífi leikskólans.

Leikurinn er réttur barnsins og er kveðið á um það í 31.gr. barnasáttmálans, þar sem segir m.a. að ríki eigi að viðurkenna rétt barnsins til að stunda leiki sem hæfa aldri þess.



Leikandi börn eru duglegir námsmenn og fara vel í hóp. Þau eru jafnframt eftirsótt í leik sem styrkir sjálfsmýnd þeirra.

Leikskólaaldurinn eru gullár þykjustuleiksins. Út frá þykjustuleiknum eiga börn auðveldara með að setja sig í spor annarra.

Eins og eitt barn komst svo vel að orði um leikskólann: „Maður getur leikið við alla krakkana, ekki skilja út undan...að vera vinur allra.“

Umhverfi leikskólans skipar stóran sess í námi barna og á það jafnt við um manngert umhverfi sem og náttúruna sjálfa. Leikskólaumhverfið er skipulagt með hagi barnanna í fyrirrúmi, markmið starfsins og mismunandi áherslur hverju sinni.

Leik- og námsefni er fjölbreytt og er til mikið af margskonar efnivið, s.s. hefðbundnu leikefni, efniviður úr náttúrunni og annað verðlaust efni.

Nánasta umhverfi leikskólans er hluti af námsumhverfi barnanna og er Fossvogsdalurinn notaður til útináms og ævintýraleita.



Kennarinn

Í aðalnámskrá leikskóla 2011 segir meðal annars: „Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt, m.a. með því að:

- skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og veita aðgengi að leikefni sem hvetur börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa,
- gefa leik nægan og samfelldan tíma,
- gefa leik nægjanlegt rými svo að börnin hafi svigrúm til að hreyfa sig og til að þróa leik og dýpka,
- styðja við sjálfsprottnar athafnir og áhuga,
- eiga samskipti við börn og mynda tengsl við þau í gegnum leik,
- vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja áhuga barna og styðja við nám þeirra,
- styðja við og efla jákvæð samskipti í leik,
- sjá til þess að öll börn hafi tækifæri til þátttöku í leik úti og inni.“

Kennarinn er í lykilhlutverki varðandi leik, nám og námsumhverfi barna. Það er hann sem þarf að **skapa aðstæður, tíma og rými** til leikja. Hafa í boði þann **efnivið, upplifanir og samræður** sem styðja við nám barna. Vera vakandi yfir því hverju börnin hafa **áhuga á og hvetja** þau áfram í þekkingaleit sinni, t.d. með því að spyrja **þau opinna spurninga**.

Kennarinn er öflugur hluti af námsumhverfi barna og **fyrirmynd** þeirra. Hvernig kennarahópurinn vinnur saman, leysir ágreining, gengur um, ræðir saman og sýnir hvor öðrum virðingu, læra börnin og litar samskipti þeirra innan barnahópsins.

Kennarahópurinn í Kvistaborg setti niður **sáttmála um samskipti út frá gildum** leikskólans og er hann eftirfarandi:

Hugrekki

- Að takast á við áskoranir
- Að vera opin fyrir breytingum og stefna stöðugt að því að gera betur
- Að geta stigið út fyrir þægindarammann
- Að geta viðurkennt mistök

Hljýja

- Að sýna hlýju, virðingu og vera góðar fyrirmyndir
- Að vera vakandi yfir líðan barna og aðstoða
- Að ræða það jákvæða og vera lausnamiðaður
- Að taka vel á móti og kveðja

Hlustun

- Að hlusta á raddir allra
- Að tjá sig fyrir framan aðra, hlusta og sýna virðingu
- Að láta vita að viðkomandi hafi heyrt hvað hinn sagði
- Að rödd barnanna heyrast í endurmati og starfinu almennt

Hvatning

- Að hvetja og muna að enginn getur allt en allir geta eitthvað
- Að muna að það sem einum finnst sjálfsagt getur verið stórsigur hjá öðrum
- Að hrósa hegðun, ferli eða virkni
- Að hvetja börnin til að aðstoða hvert annað

Sambætt og skapandi leikskólastarf



Nám barna fer fram í öllu starfi leikskólans, hvort heldur er í daglegu starfi, frjálsum leik eða skipulögðum stundum. Börnin eru virkir þátttakendur í lærdómssamfélaginu og læra með því að fá að gera tilraunir, rannsaka og velta vöngum. Kennararnir hvetja börnin áfram með opnum spurningum, skapandi efnivið og örvandi viðfangsefnum. Kennararnir hlusta á raddir barnanna og sníða starfið eftir áhuga þeirra og getu.

Námssvið leikskóla eiga að vera samofin öllu starfi leikskólans og eru eftirfarandi:

- Læsi og samskipti
- Heilbrigði og vellíðan
- Sjálfbærni og vísindi
- Sköpun og menning

Þau eiga að byggja á grunnþáttum menntunar, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, ásamt gagnrýninni og skapandi hugsun.



Raddir barna:

„Hann er það sem einhver er að fara og þá fer maður í leikskóla og leika við kennarana og gera það sem kennarinn segir.“



Námssvið leikskólans eiga, samkvæmt aðalnámskrá leikskóla 2011, að:

- vera hluti af leik barna,
- vera samþætt daglegu starfi leikskólans,
- vera heildstæð og byggjast á reynslu barna,
- byggjast á áhuga barna og hugmyndum,
- taka mið af félags- og tilfinningalegum þáttum náms,
- vera skipulögð í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna,
- hvetja til samvinnu og samstarfs,
- stuðla að sjálfstæði og frumkvæði,
- hvetja til ímyndunar og sköpunar,
- vekja forvitni og hvetja til rannsókna og kannana,
- vera ánægjuleg og stuðla að vellíðan barna,
- efla áhuga barna á námi og hvetja þau til að læra og auka þekkingu sína, leikni og hæfni,
- stuðla að sterkri sjálfsmynd og sjálfsþekkingu,
- stuðla að uppbyggilegum samskiptum, vináttu og gleði.



Læsi og samskipti


„Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmiss konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndlist og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkt.“

„Læsi í víðum skilningi þessa orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.“

Úr aðalnámskrá leikskóla 2011

Markmið Kvistaborgar um læsi og samskipti eru meðal annars að:

- Stuðla að gefandi samskiptum, þar sem málin eru rædd á jákvæðan, uppbyggilegan og lýðræðislegan hátt
- Efla alla þætti máls og læsis; orðaforði og málskilningur, máltjáning og frásagnarhæfni, hlustun og hljóðkerfisvitund og ritmál
- Skapa rými og tíma þannig að börnin fái tækifæri til að endurskapa upplifun sína í leik og skapandi starfi
- Bjóða upp á ólíkar leiðir í starfinu og efla þannig læsi í víðum skilningi



Þegar barn lýkur leikskóladvöl á það að hafa fengið tækifæri til að:

- leysa úr ágreiningi við jafningja á friðsaman hátt,
- vinna úr reynslu sinni í leik og skapandi starfi,
- tjá sig með fjölbreyttum hætti (líkamlega, munnlega og í skapandi starfi),
- leita eftir merkingu orða og orðasambanda, ríma og átta sig á hljóðum stafa,
- njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri,
- ræða málefni og hlusta á aðra,
- nálgast upplýsingar með ólíkum leiðum og móta sér hugmyndir um þær,
- velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.

Úr Þemahefti um námsmat í leikskólum

Raddir barna: „Að leika – og að vera í samverustund.“ „Að læra eitthvað margt.“

Raddir barna: „Maður er góður og leika sér saman og renna sér saman.“

Læsi og samskipti – leiðir að markmiðum er meðal annars

Kennarar eru í lykilhlutverki, þeir eru fyrirmyndir og aðstoða börnin við að leysa úr sínum málum á jákvæðan, uppbyggilegan og lýðræðislegan hátt.

Kennarar eiga að upplýsa, setja orð á hluti og leyfa börnum markvisst að upplifa og auka þannig við orðaforðann og málskilning hjá þeim.

Kennarar skapa rými og tíma fyrir börnin, hlusta á hvað þau eru að leita eftir og bjóða upp á þann efnivið til sköpunar.

Kennarar eiga að bjóða upp á ólíkar leiðir, og efla læsi barna í ritmálinu, samskiptum, umhverfinu, náttúrunni og tækninni.



Opnar spurningar, þær krefjast þess að svarað sé í setningum.

Samverustundir þar sem börnin eru virkir þátttakendur.

Söngur, þulur og ýmsir textar sem leikið er með.

Litlir spjallhópar þar sem börnin segja frá upplifunum sínum og vangaveltum.

Unnið með námsefnið *Lubbi finnur málbein.*

Frjáls leikur í hávegum hafður.

Börnin semja sögur og gera bækur.

Börnin setja upp leik-, dans- og söngsýningar.

Vettvangsferðir á söfn, út í náttúruna, um nánasta umhverfið og lengri ferðir í strætó.

Ritmálið er sýnilegt og ritföng, litir og pappír í boði.



Heilbrigði og vellíðan


„Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnunum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing getur haft í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn.“

„Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, t.a.m. hvort það hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýnir vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk leikskóla myndi góð og nán tengsl við börnin.“

Úr aðalnámskrá leikskóla 2011

Markmið Kvistaborgar um **heilbrigði og vellíðan** eru meðal annars að:

- Stuðla að gefandi samskiptum sem einkennast af virðingu og vináttu
- Efla alla þætti heilbrigðis; hreinlæti og persónulega umhirðu, mataræði og hreyfingu, hvíld og slökun og félagsfærni
- Skapa rými og tíma þannig að börnin fái tækifæri til að æfa sig og gera sjálf
- Bjóða upp á ólíkar leiðir í starfinu og efla þannig heilbrigði og vellíðan



Þegar barn lýkur leikskóladvöl á það að hafa fengið tækifæri til að:

- sýna umhyggju,
- sjá um persónulega umhirðu,
- þekkja holla næringu,
- stunda fjölbreytta hreyfingu,
- stunda ögrandi og krefjandi útivist,
- stunda slökun og hvíld
- sýna tilfinningalegt jafnvægi,
- eiga jákvæð samskipti,
- njóta félagslegra tengsla.

Úr Þemahefti um námsmat í leikskólum

Raddir barna: „Hlaupa og hoppa.“

Raddir barna: „Að fara að leika og ekki meiða.“

Heilbrigði og vellíðan – leiðir að markmiðum eru meðal annars

Kennarar eru í lykilhlutverki, þeir eru fyrirmyndir í samskiptum og sýna í verki hvað **virðing** og **vinátta** snýst um.

Kennarar eiga að **sýna gott fordæmi** varðandi hreinlæti, mataræði, hreyfingu, hvíld og síðast en ekki síst félagsfærni.

Kennarar verða að **skapa rými og tíma** fyrir börnin til að æfa sig í að gera sjálf.

Kennarar eiga að **bjóða upp á ólíkar leiðir** og hjálpa börnunum að finna sína styrkleika sem stuðla að vellíðan.



Vinátta er mikilvæg og unnin eru margskonar vináttuverkefni

Kurteisi, hjálpsemi og tillitssemi er viðhöfð í öllu starfinu.

Unnið er með **tilfinningar, líðan og félagsfærni**.

Persónuleg umhirða og hreinlæti er æft.

Frjáls leikur þar sem m.a. er verið að þróa félagsfærni og samskipti.

Hreyfing bæði frjáls og í skipulögðu starfi. Gönguferðir og íþróttir.

Hollur og góður matur. Samræður um mataræði

Börnin eru hvött til að **prófa og æfa sig, gera tilraunir, mistakast og reyna aftur.**

Börnin **taka þátt í öllu** starfinu í samræmi við þroska og getu.





Sjálfbærni og vísindi

„Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Hlutverk leikskóla er að styðja við fróðleiksporsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina. Út frá því er þeim kynntur nýr efniviður og hugmyndir. Þau eru spurð spurninga sem m.a. er ætlað að vekja þau til umhugsunar um sjálfbærni og sjálfbæra þróun.“

„Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum. Mikilvægt er að kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta.“

Úr aðalnámskrá leikskóla 2011

Markmið Kvistaborgar um **sjálfbærni og vísindi** eru meðal annars að:

- Stuðla að gefandi upplifun á náttúrunni í öllu sínu veldi
- Efla fjölbreytta þætti sjálfbærni; umgengni og virðing, vistspor, hringrásir og fyrirbæri náttúrunnar, auðlindir og nýtingu
- Skapa rými og tíma þannig að börnin fái tækifæri til gera rannsóknir og tilraunir
- Bjóða upp á ólíkar leiðir í starfinu og efla þannig sjálfbærni og vísindi



Þegar barn lýkur leikskólavöl á það að hafa fengið tækifæri til að:

- velta vöngum yfir umgengni sinni og bera virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi,
- átta sig á því hvernig vistspor þeirra og nærsamfélags getur stuðlað að sjálfbærri þróun, skilja hringrásir og ýmis fyrirbæri í náttúrunni,
- átta sig á margvíslegum auðlindum náttúrunnar,
- velta vöngum yfir nýtingu náttúrunnar,
- vinna með upplýsingamiðlun, framsetningu og gildi upplýsinga,
- vinna með stærðfræðileg viðfangsefni, s.s. tölur, tákni og mynstur,
- vinna með lífverur í umhverfinu og lífshætti þeirra,
- vinna með eðli ýmissa krafta og birtingarmyndir þeirra í umhverfinu,
- skoða eiginleika ýmissa efna og hluta,
- velta vöngum yfir möguleikum og takmörkunum tækninnar,
- átta sig á rými, fjarlægðum og áttum.

Úr þemahefti um námsmat í leikskólum

Getur náttúran búið til tónlist? Hvernig?
Raddir barna: „Ég held það. Þegar vindurinn blæs þá kemur svona hljóð og allt.“

Hvað eru vísindi?
Raddir barna: „Eitthvað sem maður býr til úr vör eða eitthvað.“

Sjálfbærni og vísindi – leiðir að markmiðum eru meðal annars

Kennarar eru í lykilhlutverki, þeir eru fyrirmyndir og þurfa að vera vakandi yfir eigin umgengni, nýtingu og virðingu fyrir sjálfbærni.

Kennarar sýna með jákvæðri upplifun sinni á náttúrunni hvernig hún getur valdið vellíðan og hreysti.

Kennarar skapa rými og tíma svo börnin fái tækifæri til að gera tilraunir og rannsóknir.

Kennarar eiga að bjóða upp á ólíkar leiðir þannig að börn hafi val eftir áhuga sínum og getu.



Útivera í mismunandi veðurfari.

Samverustundir úti í náttúrunni þar sem hún er aðal umræðuefnið.

Börnin eru virk í að flokka rusl og endurvinna verðlaust efni.

Útinám þar sem börnin upplifa breytingar í náttúrunni í samræmi við veðurfar og árstíðir, ásamt því að kynnast lífríkinu og hvernig umgengni hefur áhrif.

Náttúran er skoðuð með öllum skynfærum; heyrn, lykt, sjón, bragði og snertingu.

Grænfáninn og markviss vinna tengd honum.

Unnið er með tölur og form.

Gerðar eru tilraunir bæði úti og inni.





Sköpun og menning

„Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Umhverfi leikskóla á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna.”

„Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu.”

Úr aðalnámskrá leikskóla 2011

Markmið Kvistaborgar um sköpun og menningu eru meðal annars að:

- Stuðla að upplifun á mismunandi sköpun og menningu
- Efla fjölbreytta þætti sköpunar; tónlist, leikræna tjáningu, myndlist, dans, söng og bókmenntir
- Skapa tíma og rými sem ýtir undir frumkvæði, skapand hugsun og sjálfstæð vinnubrögð
- Þjóa upp á ólíkar leiðir í starfinu og efla þannig sköpun og menningu



Þegar barn lýkur leikskóladvöl á það að hafa fengið tækifæri til að:

- njóta þess að taka þátt í skapandi ferli,
- finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti,
- kanna og vinna með margvíslegan efnivið,
- nýta fjölbreytta tækni,
- njóta bókmennta, þula, söngs og ævintýra,
- læra texta og taka þátt í söng,
- skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu,
- njóta fjölbreyttra menningar og lista,
- taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu,
- kynnast og vinna með listafólki á hinum ýmsu sviðum menningar og lista.

Úr þemahefti um námsmat í leikskólum

Hvað er sköpunarverk?
Raddir barna: „Eitthvað sem maður býr til.“
 „Að vera snillingur.“

Hefur þú skapað tónlist? Hvernig bjóstu hana til?
Raddir barna: „Já, ég man ekki alveg hvernig hún var. Ég bara prófaði að ýta á einn, svo tvo og svo einn í viðbót og þá kom rosa falleg rokk-tónlist.“

Sköpun og menning – leiðir að markmiðum eru meðal annars

Kennarar eru í lykilhlutverki, þeirra er að kynna fyrir börnunum ólíkar leiðir í sköpun, s.s. tónlist, dans, leikræn tjáning, söng og bókmenntir.

Kennarar eru virkir í að taka þátt með börnunum í ýmsum menningaviðburðum og kynna jafnframt menningu annarra landa.

Kennarar skapa rými og tíma fyrir börnin þannig að þau hafi tækifæri til að prófa sig áfram og gera tilraunir.

Kennarar styðja við börnin í sköpun sinni og hafa efnivið sem kveikir áhuga og forvitni.



Rík áhersla er á tónlist, söng og texta.

Samverustundir þar sem börnin kynnast mismunandi bókmenntum.

Myndsköpun er fastur liður í öllu skipulögðu starfi.

Vettvangsferðir á listasöfn, minjasöfn og leikhús.

Frjáls leikur er sköpun í öllu sínu veldi.

Leikræn tjáning er viðhöfð og börnin setja upp leiksýningar.

Margvíslegar upptökur á sviði listsköpunar og menningu.

Börnin setja upp leik-, dans- og söngsýningar.

Áhersla er á að sköpunin snúist fyrst og fremst um ferlið sjálft, könnunina, tjáninguna og gleðina yfir því að upplifa.

Fjölbreytt menning hefur skapast innan leikskólans.





Leiðir í starfinu

Nám barna fer fram í öllu starfi leikskólans, hvort heldur er í **frjálsum leik**, **skipulögðu starfi** eða **daglegum athöfnum**. Grunnþættir menntunar, Barnasáttmáli SP, leiðarljós og námssvið leikskóla fléttast þar saman ásamt þeirri hugmyndafræði sem Kvistaborg byggir á, áherslum og gildum. Kvistaborg er **lýðræðislegt lærdómssamfélag** þar sem **allir taka þátt í að móta** námsumhverfi leikskólans og **raddir allra fá að njóta sín**.

Umhyggja er rauði þráðurinn sem flæðir um allan skólann. **Kennararnir eru til staðar** fyrir börnin og **sýna nærveru** sína með því að **gefa af sér, taka eftir hverju barni og hlusta á þarfir þeirra og langanir**. Kennarar eiga að **setja sig í spor barnanna**, þannig ná þeir betur að hlusta á þau og skilja. **Með umhyggju** er verið að umvefja barnið af væntumþykju án þess þó að skerða athafnaþrá þess, heldur þvert á móti er verið að örva þau til dáða og hjálpa þeim að hjálpa sér sjálf.

Lífsleikni fléttast inn í allt starf leikskólans. Lífsleikni er að ná færni í **að taka ákvörðun á uppbyggilegan hátt, að leysa málin, skapandi og gagnrýnin hugsun, góð tjáskipti og samskipti, sjálfsvitund, samhygð, að takast á við tilfinningar, álag og streitu**.

Í **Barnasáttmála SP** eru undirstöðugildin vernd, umönnun og þátttaka og eru það jafnframt þau undirstöðugildi sem leikskólastarf byggir á. Jafnframt er sáttmálinn í heild sinni leiðarvísir í starfinu. Í Kvistaborg er **markvisst unnið með ákveðin atriði úr sáttmálanum**.

Gildi Kvistaborgar eru **hugrekki, hlýja, hlustun og hvatning**. Þau vísa veginn í starfinu. Það þarf hugrekki til að **takast á við áskoranir**, hlýju og hvatningu til að **gera tilraunir og ná tökum á tilverunni**. Síðast en ekki síst þá er hlustun mikilvæg, með henni **öðlumst við skilning**.

Daglegar athafnir mynda ramman utan um leikskóladaginn. Í þessum athöfnum er verið að sinna grunnþörfunum. Þetta eru **matmálstímar, salernisferðir, hvíld, að klæða sig í og úr** (í tengslum við útiveru), **móttaka** (upphaf dagsins) og **kveðja** (lok dagsins). Í daglegum athöfnum eru börnin að gera tilraunir með að **gera sjálf**, þau **uppgötva getu sína** og verða **stolt af sigrum** sínum. **Hlutverk kennarans** er að hjálpa börnunum við að hjálpa sér sjálf, tileinka sér hreinlæti og ganga vel um. Þau eru hvött til að **hjálpa hvert öðru** og **aðstoða** við ýmsar daglegar athafnir. Í stórum hópi þarf að tileinka sér **samkennd og tillitssemi** þannig að allir fái notið sín og eru daglegar athafnir liður í að læra að tileinka sér þessa þætti. Ýmsar vangaveltur og samræður fara fram í daglegum athöfnum og eru þetta miklar **námstundir í hér og nú aðstæðum**.

Leikurinn er meginnámsleið barna og er hann því bæði markmið og leiðir í starfi leikskólans. Í leik **vinna börnin úr reynslu sinni og auðga þannig þekkingu sína**. Leikur í góðra vina hóp eykur reynslu og upplifun barnanna. Daglegar athafnir, skipulagðar stundir, samskipti og ýmsar uppákomur **auðga leik barna og þar með nám þeirra**.

Í **skipulögðu starfi** er markvisst verið að **auðga reynslu** barna í gegnum mismunandi hópastarf, samveru og vettvangsferðir.

Könnunarleikur er **hluti af námi yngstu** barnanna. Í könnunarleik eru börnin að **uppgötva** efniviðinn og umhverfið **á sínum forsendum** með því að nota **skilningavit** sín og **eðlislæga** forvitni til að rannsaka og gera tilraunir. Efniviðurinn í könnunarleiknum er margskonar verðlaust efni s.s. dósir, hólkar, keðjur, lyklar, dúskar, klemmur og brúsar, svo eitthvað sé nefnt. Þessir hlutir bjóða upp á óþrjótandi möguleika og er engin ein lausn rétt.

Í **umræðum og hópavinnu** með börnum um ákveðin verkefni er **stuðst við könnunaraðferðina**. Hugmyndavefur er settur upp til að skrá niður þekkingu barnanna og síðan unnið út frá því. Börnin eru **virkir þátttakendur** í að móta nám sitt í könnunaraðferðinni.

Tónlist og söngur er eitt af aðalsmerkjum Kvistaborgar. Söngur tengist flestum þáttum starfsins, hann skapar **gleði og vellíðan**. Tónlistakennari starfar með börnunum og með honum fá börnin að kynnst **leyndardómum tónlistarinnar** á sem fjölbreyttastan máta.

Dansnámskeið er haldið á hverjum vetri þar sem danskennari kemur og leiðbeinir börnunum í gegnum leik og gleði. Þannig finna þau **taktinn í tónlistinni og hreyfa sig** með henni.

Ögrandi **hreyfing og íþróttir** er stór liður í starfinu. Börnin fara í **skipulagðar hreyfistundir** í leikskólanum. Farið er í **gönguferðir** sem efla úthald og þrek, ásamt því að ýmsar uppákomur eru tengdar íþróttum, sbr. íþróttahátíð með skólahlaupi.

Staðsetning leikskólans býður upp á að nýta Fossvogsdalinn **til útináms**. Í útinámi er markvisst farið með verkefni og þau unnin úti í náttúrunni. Verkefnin eru **bæði tengd náttúrunni og námssviðunum**. **Forvitni og áhugi** barnanna ræður ríkjum enda margt að sjá og fylgjast með í því ævintýralandi sem Fossvogurinn er. **Frjáls leikur** er aldrei langt undan.

Vettvangsferðir á söfn, sýningar, aðra skóla og um nánasta umhverfi er markvisst inni í skipulögðu starfi. Oft eru ferðirnar í tengslum **við ákveðin verkefni og hugmyndir sem vaknað hafa** í barnahópnum. Jafnframt eru gripin þau **tækifæri sem bjóðast** eins og þegar ákveðnar stofnanir eru að bjóða börnum í heimsókn.

Grænfáninn er verkefni sem Kvistaborg tekur stolt þátt í. Í gegnum það verkefni læra börnin að flokka og endurvinnna það rusl sem til fellur, verða nýtnari og bera virðingu fyrir umhverfinu. Mismunandi þema er á milli ára, en þau tengjast öll **umhverfisvitund og umhverfisvernd**. **Umhverfissáttmálinn** er: „**Við í Kvistaborg ætlum að ganga vel um umhverfið.**”

Áhersla er á bernskulæsi og er markvisst í boði fjölbreytt úrval bóka. **Samverustundir** eru á hverjum degi þar sem meðal annars eru **lesnar bækur** fyrir börnin og **fjallað er um efnið** og það **tengt við reynslu** barnanna. **Sögupokar** eru notaðir, en í þeim er **bók og fylgihlutir** sem tengjast innihaldi sögunnar.

Málörvun er í gangi í gegnum allt leikskólastarfið og er markvisst unnið að því að efla málvitund barnanna. **Sögugrunnurinn** er málörvunarefni sem er notað í litlum hópum. Stuðst er við **Orðaspjalls aðferðina** þegar verið er að kryfja ný orð. Ef **grunur er um seinkaðan málþroska** fer strax af stað íhlutun leikskólans í samstarfi við foreldra.

Læsisstefnu Kvistaborgar má finna inn á heimasíðu leikskólans. Þessi stefna byggir á ritinu **Lesið í leik – læsisstefna leikskóla** sem gefið er út af skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.

Ýmsar hefðir og hátíðir hafa skapast í Kvistaborg í gegnum árin. **Jólaundirbúningurinn** er notalegur, þar sem börnin búa m.a. til jólagjafir handa foreldrum, fara í vettvangsferðir, snæða jólamat og halda jólaball. **Kaffihúsið Lundur** er opnað í viku fyrir jól. Haldið er upp á **fullveldisdaginn** 1.des. og **lýðveldisdaginn** 17.júní, með fræðslu, samræðum og uppákomum. **Þorablót** er þar sem börnin mæta í lopafatnaði, lesnar bækur um gamlar íslenskar hefðir, sungin vetrar- og þorakvæði og í hádeginu snæddur þorramatur. Á **bolludag** eru mismunandi bollur í matinn. **Sprengidagur** er með sínu saltkjöti og baunum. **Öskudagurinn** er tekinn með trompi, þá mæta allir í búning eða furðufötum og kötturinn er sleginn úr tunnunni. **Hrekkjavaka** er tekin alla leið, leikskólinn breytist í draugahöll (þó ekki þannig að börnin séu hrædd) og allir hafa gaman af. **Íþróttahátíð, sumarhátíð, útskrift** og margt fleira er í boði.

Þetta er aðeins brot og alltaf er að bætast við því leikskólinn er í stöðugri þróun og alltaf að koma nýir einstaklingar í hópinn.





Mat á námi og velferð barna

Í aðalnámskrá leikskóla segir meðal annars: „*Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á, hvað þau vita, geta og skilja. Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á þar af leiðandi að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn.*”

Í sameiginlegum hluta aðalnámskrár er fjallað um **hugtakið hæfni** sem felur í sér **þekkingu, leikni og siðferðisleg viðhorf**, ásamt því að hæfni á að **taka mið af aldri og þroska** barna og **markmiðum menntunar** hverju sinni. **Námshneigðir** barna byggjast á samspili þessara þriggja þátta, það er þekkingar, leikni og siðferðislegra viðhorfa. Þetta samspil hjálpar börnum að **viðhalda forvitni sinni og þekkingarleit**. Námshneigðir barna **þróast með því að skoða, hlusta, gera, taka þátt í og ræða viðfangsefni** sem þau eru þátttakendur í.

Í leikskólanum eiga börnin að öðlast **þekkingu** í gegnum **leik og skapandi starfi** þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Þekking leikskólabarna **byggir á alhliða þroska þeirra, sjálfstæði, áhugsviði, þátttöku þeirra í leik úti og inni, félagsfærni og samkennd, frumkvæði og sköpunarkrafti, ásamt tjáningu og samskiptum**.

Leikni felst í því hvernig börnin **beita þekkingunni** sem þau hafa öðlast í daglegu starfi leikskólans. Börnin æfa leikni sína, meðal annars með því að fást við þau viðfangsefni sem eru tilgreind í námssviðunum.

Leiðarljós aðalnámskrár leikskóla vísa veginn í mótun leikskólastarfsins en þau byggja á faglegri þekkingu og **siðferðislegum viðhorfum** til barna. Þar er krafa um að leikskólar eigi að stuðla að því að börn **þrói með sér jákvæða sjálfsmynd** með því að **virða sérstöðu og sjónarmið** hvers einstaklings. Börn eiga að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem **taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska**, þannig að **trú þeirra á eigin getu** aukist og **námsáhugi eykst**.



Öll börn eru velkomin í Kvistaborg og er þeim **mætt á þeirra forsendum**. Litið er á þau sem **virka þátttakendur í eigin námi**. Þarfir og áhugi barnanna mótar leikskólasterfið og umhverfið.

Nám og velferð barna er **metið á fjölbreyttan hátt**, bæði af þeim sjálfum, foreldrum, kennurum og stundum utanaðkomandi fagaðilum.

Í **foreldraviðtölum** setjast deildarstjóri og foreldrar niður og leggja grunninn að **einstaklingsnámskrá** sem síðan er uppfærð í næsta viðtali.

Ýmis skimunartæki eru notuð s.s. **HLJÓM-2, Efi-2, TRAS, íslenski þroskalistinn og færnikema**.


Mappan mín er einskona ferilmappa þar sem safnað er saman upplýsingum um nám og velferð barnsins. Innihaldið er fjölbreytt en þar má meðal annars finna:

- Markmið sem barn setur sér að ná yfir veturinn og skráningar á því ferli
- Markmiðið er síðan endurmetið af barninu í lok vetrar
- Skráningar í máli og myndum
- Teikningar
- Ýmsar vangaveltur barnsins
- Vinir
- Samræður




Mat á námi og velferð barna er í þróun og má því búast við að breytingar verði.

Í Kvistaborg er **lögð áhersla á að börnin komi að mati á námi sínu** og því starfi sem er í boði í leikskólanum. Þetta er gert **með samræðum** við börnin og er þá skráð niður hugmyndir þeirra og vangaveltur. Sameiginlega eru síðan teknar ákvarðanir og gerðar breytingar ef á þarf að halda. Yngri börnin sem lítið eru farin að tjá sig taka ekki þátt í samræðum heldur eru **gerðar myndaskráningar og athuganir** til að skoða hvað og hvort þurfi að breyta.



Snemmtæk íhlutun á sér stað ef grunur vaknar um að **barnið njóti ekki leikskóladvalar** sinnar vegna þroskavandamála. Oft þarf að leita til fagaðila til að fá ráðgjöf og er það gert í samráði við foreldra. Þjónustumiðstöð Laugardals, Háaleitis og Bústaða er með sérfræðinga sem þjónusta leikskólann.

Í sumum tilfellum þurfa börn **sérstakan stuðning** og er þá búið að meta þau með viðurkenndum matstækjum. **Markmiðið með stuðningnum** eða sérkennslunni er að **mæta barninu** þannig að það geti **notið sín innan barnahópsins og hafi tækifæri til náms**.



Börn með **annað móðurmál** en íslensku **fá íhlutun** í frjálsum leik inn á deild með öðrum börnum, en jafnframt fara þau í sér íslenskukennslu í litlum hóp. Foreldrar eru **hvattir til að halda móðurmáli** barnsins virku.

Fjölskyldan og leikskólinn

Í aðalnámskrá leikskóla segir meðal annars: „Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólustarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna. Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. Hvatt er til þátttöku fjölskyldna í leikskólustarfi og að byggt sé á þeirri hugmynd að fjölskyldan og leikskólinn séu samstarfsaðilar. Leitast skal við að hlusta eftir sjónarmiðum foreldra og stuðla að áhrifum þeirra m.a. í gegnum foreldraráð leikskólans og þátttöku í innra mati.”

Strax í upphafi leikskólagöngu barns er **lagður grunnur að samstarfi** á milli heimilis og skóla. Mikilvægt er að sá grunnur sé **byggður á trausti og trúnaði**. Allir sem starfa í leikskólanum **skrifa undir þagnarheit** þar sem **fullum trúnaði er heitið** um öll málefni er varðar leikskólabörnin og fjölskyldur þeirra. Þessi trúnaður varir þó viðkomandi láti af störfum.

Þátttökuáðlögun er viðhöfð í Kvistaborg og er þá miðað við að **foreldrarnir taki þátt í aðlögun** barna sinna og séu með þeim í leikskólanum.

Dagleg samskipti milli foreldra og kennara eru mikilvæg fyrir alla aðila, því þar fer fram **upplýsingamiðlun** sem getur haft áhrif á líðan barnsins, bæði heima og í leikskólanum.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, en þess utan er alltaf velkomið að óska eftir viðtali. Í foreldraviðtali er rætt um **líðan barns** heima og í leikskólanum. Jafnframt er lögð drög að **einstaklingsnámskrá** fyrir komandi skólaár.

Foreldrafundir eru í september ár hvert, þar er **námsefnið kynnt** fyrir foreldrum, **hópaskiptingar og áherslur vetrarins**. Jafnframt kynnir leikskólustjóri starfsáætlun skólans og niðurstöður úr könnunum.

Á hverju vori kemur út nýtt **skóladagatal** og er litið á það sem **sáttmála milli heimilis og skóla**. Inn á skóladagatalinu er merkt hvaða daga er **óskað eftir þátttöku foreldra eða fjölskyldu**, hvenær **börnin eru að taka þátt í uppákomum** og hvenær **leikskólinn er lokaður**. Foreldrar eru **þó alltaf velkomnir** að taka þátt í starfinu með barni sínu.



Foreldraráð er starfandi við leikskólann og er það **samkvæmt lögum** um leikskóla nr. 90/2008. Hlutverk þess er meðal annars **að gefa umsagnir** til leikskólans um skólanámskrána, starfsáætlun og aðrar áætlanir er fjalla um starfsemi skólans. Ef meiriháttar breytingar verða á starfsemi leikskólans á að bera þær undir foreldraráðið. **Starfsreglur** foreldraráðs má sjá á heimasíðu leikskólans.

Við skólann starfar **foreldrafélag** og eru **allir foreldrar** meðlimir í því. Kosið er í stjórn þess á aðalfundi félagsins sem er á hverju hausti. Foreldrafélagið **stendur fyrir ýmsum uppákomum** yfir veturinn, s.s. piparkökumálun, leiksýningu, sveitaferð, páskaeggjaleit, sumarhátíð, danskennslu og jólasveininum á jólaballið. Lög foreldrafélagsins má finna á heimasíðu leikskólans.

Raddir foreldra

Foreldrum stóð til boða að koma markvisst með rödd sína í skólanámskrána. Send var út nafnlaus könnun með opnum spurningum varðandi starfið almennt og síðan hvert námssvið. Sjá má svör hér fyrir neðan. Raddir foreldra er góður leiðarvísir í leikskólastarfinu.

Starfið í Kvistaborg?

- Sveigjanleiki
- Jákvæðni
- Áhugavert starf
- Metnaður
- Fjölbreytt verkefni
- Góður skóli
- Brosandi kennarar og börn
- Skapandi starf
- Fullt af orku og gleði

Heilbrigði og vellíðan í Kvistaborg?

- Allir fá notið sín
- Útivera og hreyfing
- Vellíðan og hreyfing
- Góð hljóðvist
- Andlegt jafnvægi
- Holt mataræði
- Stresslaus tími til að njóta
- Skólahlaup
- Útinám



Læsi og samskipti í Kvistaborg?

- Læri að lesa í aðstæður
- Góð samskipti
- Virða hvert annað eins og við erum
- Leshópur
- Lubbi finnur málbein
- Læsisstefnan góð
- Nám í gegnum leik
- Markvisst unnið með læsi
- Samverustundir



Sjálfbærni og vísindi í Kvistaborg?

- Umhverfismeðvitund
- Flokkun og endurnýting
- Gagnkvæm virðing
- Virðing fyrir umhverfinu
- Læra í náttúrunni
- Útinám
- Biophilia verkefnið
- Tilraunir



Sköpun og menning í Kvistaborg?

- Bókamenning
- Fjölbreytt list
- Biophilia verkefnið
- Fræðandi ferðir
- Mismunandi menning
- Tónlist
- Dans
- Handverk
- Föndur, litir og gleði



Tengsl skólastiga

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir lok leikskólanáms. Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynnast umhverfi og starfi grunnskólans meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst.“

Í gegnum árin hefur myndast gott samstarf sem er í stöðugri þróun á milli Kvistaborgar og Fossvogsskóla. Komnar eru ákveðnar hefðir sem skapast hafa smátt og smátt. Þær eru eftirfarandi:

- Skólahlaup er haldið 1. september á afmæli Kvistaborgar. Nemendur úr 6. bekk Fossvogsskóla koma og aðstoða leikskólabörnin í hlaupinu.
- Elsti árgangur Kvistaborgar fer í leikfimi í íþróttasal Fossvogsskóla.
- Í október heimsækir elsti árgangur leikskólans Fossvogsskóla, skoðar skólann og heilsar upp á skólastjórnann.
- Í nóvember kemur 1. bekkur Fossvogsskóla í heimsókn í leikskólann. Bekknum er skipt í litla hópa og kemur á föstudögum.
- Í desember er elsta árgangi leikskólans boðið á skólaskemmtun í sal Fossvogsskóla.
- Í janúar koma 12 ára nemendurnir í Kvistaborg og æfa sig í að lesa upphátt fyrir leikskólabörnin. Þetta er í tengslum við stóru upplestrarkeppnina.
- Í mars fer elsti árgangur leikskólans í bókasafnsheimsókn í Fossvogsskóla.
- Í apríl fer elsti árgangur leikskólans í kennslustund með 1. bekk og hefur með sér nesti.
- Í maí er útikennsla og frístundaheimilið skoðað.
- Í maí er jafnframt kennarafundur þar sem farið er yfir barnahópin og áætlun fyrir næsta vetur rædd.
- Í maí/júní er íþróttahátíð og aðstoða nemendur 6. bekkjar leikskólabörnin.

Þróunarverkefnið Fossvogsbrú er til að bæta enn frekar samvinnuna, ásamt Furuskógi og frístundaheimilinu Neðstalandi. Það er í þróun og er vonandi komið til að vera.

Ákveðnar upplýsingar fylgja með barni yfir í grunnskólann. Þetta er skjal sem fyllt er út af barninu sjálfu, foreldri og kennara.

Helstu atriðin sem koma þar fram eru:

- Nafn og kennitala.
- Móðurmál.
- Sérstök áhugamál.
- Skemmtilegt að gera.
- Ég er fær í.
- Leiðinlegt/erfitt að gera.
- Helstu vinir.
- Sjálfshjálp.
- Félagsfærni.
- Málþroski.
- Hreyfiþroski.
- Niðurstöður úr HLIÓM-2.
- Fjöldi bókstafa sem barnið þekkir.
- Talnaskilningur.
- Annað sem þarf að koma fram.
- Athugasemdir frá foreldrum.
- Jafnframt er ljósmynd af barninu og teiknuð sjálfsmynd.



Samstarfsaðilar

Kvistaborg á í samstarfi við hinar ýmsu stofnanir og fyrirtæki. Stundum er samstarfið í tengslum við ákveðin viðfangsefni sem eru í gangi tímabundið. Yfirleitt er þó samstarfið komið til að vera og einkennist af reglubundnum heimsóknum.

Samstarf er á milli skólana í hverfinu, bæði í tengslum við þróunarverkefni og önnur tímabundin verkefni.

Maríuhús – elsti árgangurinn heimsækir alzheimer sjúklingana í Maríuhúsi þrisvar á ári og syngur fyrir þá.

Hverfahátíð á sumardaginn fyrsta – hverfahátíðin er samstarf stofnana í hverfinu, þ.e. skóla, frístundaheimila, Víkin, Bústaðakirkja, eldri borgarar o.fl.

Borgarbókasafn – farið er í ferðir þangað með öll börnin.

Sögubíllinn Æringi – hann kemur í heimsókn á hverju ári.

Strætó – í lengri ferðum fara börnin með strætó og hefur verið löng hefð fyrir því samstarfi sem er í stöðugri þróun, með öryggi barna í fyrirrúmi.



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins – leikskólinn er í formlegu samstarfi við slökkviliðið um eldvarnir og fræðslu. Starfsmenn slökkviliðsins heimsækir elsta árgang leikskólans og ræðir við þau um eldvarnir, slökkviliðsstarfið og sýnir þeim ýmsan búnað, ásamt því að börnin fá að skoða slökkviliðsbílinn.

Sinfóníuhljómsveit Íslands – það er komin löng hefð fyrir því að Sinfóníuhljómsveit Íslands bjóði elstu árgöngum leikskólanna á vortónleika. Fyrir tónleikana er búið að senda til leikskólanna upplýsingar um efnið sem verður flutt og oft fylgir saga og fleira þannig að börnin geti undirbúið sig.

Þjóðleikhúsið – á haustin hefur Þjóðleikhúsið boðið elsta árgangi leikskólanna í Kúluna á leiksýningu.

Borgarleikhúsið – býður elsta árganginum á kynningu í leikhúsið.

Brúðubíllinn – mjög langt og gott samstarf hefur verið við Brúðubíllinn, en hann heimsækir hverfið á hverju sumri.

Umferðaskólinn – er í boði á hverju vori fyrir elsta árganginn.

SORPA – í gegnum umhverfisvitundina sem er að vakna hefur samstarf við Sorpu verið að þróast.

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn – í desember fara börnin í heimsókn og heilsa upp á dýrin og jólaköttinn.

Þjóðminjasafnið og Árbæjarsafnið – börnin fara í heimsóknir þangað og fá fræðslu í tengslum við hin ýmsu verkefni sem þau eru að vinna að hverju sinni.

Listasöfn – eru heimsótt í tengslum við verkefni sem börnin eru að vinna.

Leikskólinn tekur einnig þátt í margskonar sameiginlegum viðburðum s.s. **degi leikskólans, degi íslenskrar náttúru, degi íslenskrar tungu, lestrarhátíð, barnameningarhátíð og stóra leikskóladeginum.**

Mat á leikskólastarfi

Í aðalnámskrá segir meðal annars: „Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.“

Innra mat

Innra mat er unnið samkvæmt matsáætlun sem kemur fram í starfsáætlun Kvistaborgar. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir aðkomu kennara, barna og foreldra.

Innra matið er bæði kerfisbundið samkvæmt matsáætlun og samofið daglegu leikskólastarfi. Með matinu er verið að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum leikskólans er náð og hvort leiðirnar sem farnar eru séu að styðja við markmiðin.

Matsfundir eru haldnir reglulega á deildarfundum og skipulagsdögum með kennurum. Matsfundir barna eru í tengslum við þau viðfangsefni sem eru hverju sinni. Þar er um símat að ræða sem hefur í för með sér umbætur strax ef það er niðurstaða barnanna. Foreldrum er boðið að koma að mati með börnum sínum á ákveðnum matsfundum.

Ýmsar lokaðar kannanir eru sendar til foreldra og kennara þar sem verið er að skoða ákveðin atriði. Þannig kannanir eru einnig lagðar fyrir börnin, en þær eru þá í einstaklingsviðtölum og smáum hópum.

Símat fer fram á upptökum skólans þar sem þær eru yfirleitt árstíðabundnar. Úrbætur eru því ári síðar.

Matsáætlun, matsspurningar, niðurstöður mats og skilgreiningar á því hvað þarfnast umbóta má sjá ár hvert í starfsáætlun leikskólans sem er inni á heimasíðu hans.



Ytra mat

Skóla- og frístundasvið hefur eftirlit með leikskólum Reykjavíkurborgar, þ.e. hvort þeir starfi samkvæmt lögum um leikskóla, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla.

Skóla- og frístundasvið sendir út ýmsar kannanir sem lagðar eru fyrir foreldra og kennara. Nýverið fór sviðið einnig að gera heildarmat þar sem stuðst er við ákveðin viðmið sem finna má í ritinu **Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs**. Sviðið gerir heildarmat í nokkrum skólum á ári hverju og var Kvistaborg í þannig mati í febrúar 2015. Sjá má niðurstöður þessa mats á heimasíðu leikskólans.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerir einnig ytra mat á leikskólum.

Lokaorð

Að lokum skal bent á að leikskólinn gerir **starfsáætlun** fyrir hvert skólaár. Þar er fjallað um **starfsemi skólans**, **skóladagatal** og ýmsar **hagnýtar upplýsingar**, ásamt **innra og ytra mati** og **umbótaáætlun** út frá því.

Leikskólinn gerir einnig **áætlanir út frá stefnum** skóla- og frístundasviðs, má þar nefna **læsisáætlun** og **jafnréttisáætlun**. Jafnframt hefur leikskólinn sett sér ákveðnar **starfsaðferðir ef grunur vaknar um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gagnvart börnum**. Allar þessar áætlanir má finna inn á **heimasíðu leikskólans**.



Á **heimasíðu Reykjavíkurborgar** er að finna gagnlegar upplýsingar:

- Fjölmening í leikskóla <http://reykjavik.is/fjolmenning-i-leikskola>
- Heimurinn er hér
http://reykjavik.is/sites/default/files/fjolmenningarstefna_oppsett.pdf
- Einelti í leikskólum <http://reykjavik.is/thjonusta/einelti-i-leikskolum>
- Foreldrasamstarf í leikskóla <http://reykjavik.is/thjonusta/foreldrasamstarf-i-leikskola>
- Foreldravefurinn <http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4576>
- Mat á leikskólastarfi
<http://reykjavik.is/mat-leikskolastarfi>
- Lesið í leik http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefing_efni/L_sisstefna_0.pdf

Helstu stuðningsritin við gerð skólanámskrár Kvistaborgar eru m.a.:

- Aðalnámskrá leikskóla
- Lög um leikskóla og reglugerðir
- Starfsáætlun SFS
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
- Þemaheftin um grunnþættina og námsmat
- Viðmið og vísbindingar SFS
- Umhyggja í leikskóla eftir Sigríði Sítu Pétursdóttur
- Ýmis vinnugögn frá Kvistaborg, s.s. starfsáætlanir, læsisáætlun, fundargerðir frá vinnufundum kennara, foreldra og barna.



Hugmyndafræðin á bak við **uppsetninguna á skólanámskránni** er sú að hver síða er sjálfstæð, þannig að auðvelt er að prenta út eina síðu og vinna með hana. Þegar endurskoða á námskrána er hægt að taka hverja síðu fyrir sig, breyta henni og setja inn aftur.

Einnig er vakin athygli á því að hér er í flestum tilvikum **notað orðið kennari** yfir alla starfsmenn leikskólans og er það gert til að ítreka það að allir koma að námi barnanna, hvort sem þeir eru faglærðir eða ófaglærðir.

Ingibjörg E. Jónsdóttir, fyrrverandi leikskólastjóri Bakkabergs, sá um uppsetningu þessarar skólanámskrár og úrvinnslu texta úr vinnugögnum kennara og stuðningsritum.



Leikskólinn Kvistaborg

Kvistalandi 26

108 Reykjavík

Sími: 553 0311

www.kvistaborg.is

kvistaborg@reykjavik.is